

Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar
Ávarp forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar við setningu þjóðhátíðar á Hrafnseyri 17. júní 2000

Góðir Vestfirðingar Heiðruðu hátíðargestir

Að koma að Hrafnseyri á aldarskilum og árbúsunda, að fagna 17. júní árið 2000 sjálfstæði Íslendinga á fæðingarstað Jóns Sigurðssonar er í senn þakkargjörð og heitstrenging, þakkargjörð til þeirra sem fórnðu elju sinni og atorku svo að þjóð okkar næði fullum rétti, heitstrenging um að láta í verkum okkar sjálfra sjást með skýrum hætti að við verðskuldum þau sigurlaun sem sjálfstæðisbarátta fyrri kynslóða færði okkur.

Vestfirsku fjöllin, ógnarhá og tíguleg; firðirnir djúpir og breiðir, forðabúr kynslóða öld af öld; söguslóðir frá landnáms tíð og þjóðveldi – allt var þetta heimanfylgja sjálfstæðishetjunnar sem hélt héðan ungur maður, veitti honum áræði og úthald þegar á móti blés og konungsvaldið í Kaupmannahöfn neitaði öllum óskum Íslendinga.

Arnarfjörður og Dynjandi voru Jóni Sigurðssyni hið besta veganesti þegar hann kostaði huginn að herða, treystu böndin við heimaslóð, drýgri kostur en þau tákni sem smíðuð voru á höfuðbólum hins danska valds.

Vestfirðir víkja aldrei úr sálu þeirra sem hér vaxa úr grasi og ævina alla eru mannlíf og náttúra þessara einstæðu byggða veganesti sem næringu veitir á langri leið, hvert sem ferðinni er heitið og hvernig sem stormur tíðarinnar blæs.

Vestfirðir voru bakland og burðarás í langri baráttu frá erlendri áþjón til fullveldis. Vestfirðir veittu Jóni Sigurðssyni, Skúla Thoroddsen og Hannesi Hafstein umboð sem hreif á úrslitastundum. Vestfirðir kusu til forystu öndvegismenn sem á lýðveldistímum voru ávallt í fararbroddi þegar kröfur Íslendinga um lögsögu yfir hafinu umhverfis landið náðu fram að ganga. Og það voru Vestfirðingar sem jafnan sýndu Ásgeiri Ásgeirssyni, alþingismanni og öðrum forseta lýðveldisins, það traust sem best dugði honum, enda launaði hann liðsinnið með því að leggja styrka hjálparhönd að endurreisn þessa merka staðar.

Við sem erum saman komin hér á Hrafnseyri 17. júní við aldaskil getum þannig heyrt tímans þunga nið ef við leggjum við eyru, skynjað í andblæ Arnarfjarðar að sú arfleið sem hér á rætur er og verður Íslendingum dýrmæt gjöf. En um leið leitar hugurinn til þeirrar óvissu sem í framtíð býr, til spurninga um áhrif þeirrar ólgu sem nú umbreytir heiminum öllum.

Það er tískutal um þessar mundir að alþjóðavæðing og samruni ríkja muni ryðja öllu öðru úr vegi, að verðmætin sem felast í sjálfstæði þjóða og heilögum rétti séu forngrípír sem brátt muni víkja fyrir öðrum gildum.

Gleymist oft við þessa greining að geta þess hve ríkjum heims hefur þvert á móti fjölgað ört á undanförunum áratugum og hvernig krafan um sjálfstæði og frelsi

hefur verið gunnfáni þeirra breytinga sem umskapað hafa heilar heimsálfur; einnig álfuna okkar Evrópu, sem aldrei fyrr í sögu sinni hefur talið jafn mörg fullvalda ríki með stjórnskipan sem byggir á lýðræðislegum rétti fólksins sjálfs.

Margir hafa fundið líkt og við Íslendingar þann auð sem býr í sjálfstæðinu, hversu það eflir og styrkir alla dáð, leysir úr læðingi kraftana sem áður voru á krafta bundnir.

Sjálfstæðið hefur verið aflvaki framfara og farsældar, veitt svigrúm til nýrrar sóknar og frumkvöðlum áræði til góðra verka.

Sjálfstæðið hefur veitt bókmenntum okkar og menningu innblástur og nýja sýn. Það hefur verið ungu fólki veganesti og treyst svo böndin við heimaslóðir að vilji til að helga ættjörð sinni ævistarfið verður öllu sterkari þótt víða sé leitað menntunar og þroska.

Sjálfstæðið hefur gert okkur kleift að vera fullgildir þátttakendur í viðleitni heimsins til að efla frið og lýðræði, mannréttindi og hagsæld, að eiga okkar eigin rödd á þeim málþingum þar sem úrslit ráðast.

Án sjálfstæðis og fullveldis væri Ísland okkar tíma aðeins svipur hjá sjón, atvinnulíf, menning og hugsun öll bundin við þröngar skorður.

Sjálfstæðið er aflagjafinn sem skilað hefur því glæsiverki sem þjóðin nýtur nú við aldaskil. Varðveisla þess er forsenda fyrir árangri og áhrifum Íslendinga í iðukasti þeirra breytinga sem í hönd fara. Engin alþjóðavæðing né heldur samrunaferli annarra ríkja hefur enn skilað þeim ávinningum sem upphefja eðalkostina sem sjálfstæðið skapar. Förum því varlega á framtíðarbraut og stöndum vörð um helgan rétt okkar til fullveldis og frelsis.

Með þeim orðum og hátíðaróskum til ykkar allra og Íslendinga nær og fjær set ég þjóðhátíð á fæðingarsetri Jóns Sigurðssonar, Hrafnseyri við Arnarfjörð.